

12. febrúar 2007

**Efni:**

- ▶ Félagsfundur
- ▶ Aðalfundur

# KERHRAUNSFRETTIR

2. tbl. - 4. árg.

## Félagsfundur

Félagsfundur Félags sumarhúseigenda í Kerhrauni var haldinn laugardaginn 10. mars í húsnæði Rafiðnaðarskólans og hófst kl. 14:00. Fundinn sóttu 25 lóðareigendur í Kerhrauni.

Fundarstjóri var kosinn Guðbjartur Greipsson.

1. Guðrún greindi frá stöðu eldri innheimtumála en aðeins einn aðili Ásta Margrét Hávarðardóttir skuldar félaginu framkvæmdargjöld fyrir árin 2004 og 2005. Eftir árangurslausar innheimtutilraunir Glitnis banka ákvað stjórnin samkvæmt ábendingu bankans að fela Intrum að sjá um að innheimta gjöldin. Niðurstaða málsins varð sú að umræddur aðili taldist ekki þurfa að borga framkvæmdargjöldin þar sem hún var ekki talin vera félagi í Félagi sumarhúseigenda í Kerhrauni.

Í framhaldi af niðurstöðu málsins leitaði Guðrún til Landssambands sumarhúsaeygenda til að fá álit löglærðs manns á niðurstöðunni en lögfræðingur Landssambandsins heitir Sveinn Guðmundsson og tók hann vel í að skoða málið og í framhaldi af því fór hann til Intrum til að fá útskýringu á stöðunni og bauðst síðan til að mæta á félagsfundinn til frekari útskýringa.

2. Sveinn Guðmundsson útskýrði innheimtumálið í stuttu máli og sagði að því miður hefði Intrum byggt innheimtukröfuna upp sem félagsaðild Ástu Margrétar að félaginu en ekki aðildarþætti hennar í sameiginlegum útlögðum kostnaði. Taldi hann að ljóst væri að Intrum hefði ekki notað þau gögn sem félagið hefði lagt fram því til sönnunar að henni bæri að greiða framkvæmdargjöldin og taldi það miður en einnig að erfitt yrði að leiðrétta þetta þar sem innheimtuupphæðin væri lág og ekki væri heimilt að nota ný gögn í áfrýjunarmáli.


Sveinn útskýrði í stuttu máli að ný lög væru væntanleg og þau lög tækju skýrt á því að allir þeir sem eru lóðar- eða landeigendur skuli borga í sameiginlegum útlögðum kostnaði.

3. Guðrún fór þess á leit að fá samþykki fundarmanna fyrir því að félagið gangi í Landssamband Sumarhúsaeygenda til þess að hafa aðgang í framtíðinni að aðilum með reynslu og samþykktu fundarmenn tillöguna.
4. Hinrik Jónason fór í stuttu máli yfir stöðu girðingamála og taldi að málið væri þannig stadd eftir niðurstöðu matsnefndarinnar að hann færi þess á leit við fundarmenn að þeir samþykktu að ljúka þessu máli í samráði við Má Pétursson lögfr. og samþykktu fundarmenn það.
5. Sóley Þórmundsdóttir skýrði frá þeirri ákvörðun stjórnarinnar að koma á einhverjum uppákomum á komandi sumri s.s. tiltektardögum, gróðursetningardegi, girðingardegi og síðast en ekki síst fjöri um verslunarmannahelgina. Tóku fundarmenn vel í þessa uppástungu.

Önnur mál. [www.kerhraun.is](http://www.kerhraun.is)

Fundi slitið kl. 14:50

Að fundi loknum var boðið upp á kaffi og kökur að hætti Kerhraunara



# Aðalfundur

Aðalfundur Félags sumarhúseigenda í Kerhrauni var haldinn laugardaginn 10. mars í húsnæði Rafiðnaðarskólans. Fundinn sóttu 35 lóðareigendur í Kerhrauni.

Fundarstjóri var kosinn Guðbjartur Greipsson.

1. Guðrún flutti skýrslu stjórnar en haldnir voru 5 stjórnafundir á árinu 2006 og eins og fyrri ár hefur stjórnin aðallega verið að koma eldri óleystum málum í viðunandi horf. Varðandi innheimtumálin til framtíðar litið þá taldi Guðrún að þau mál myndi leysast farsælega þar sem ný lög verða sett sem taka af allan vafa um greiðsluskildu aðila.

Ársreikningar félagsins undirritaðir af endurskoðenda félagsins voru lagðir fram til samþykktar og samþykktir af fundarmönnum. Helena gjaldkeri fór yfir innheimtumálin og þakkaði þeim fjölda mörgu sem standa alltaf við að greiða sinn hlut og upplýsti að félagið á útstandandi framkvæmdargjöld fyrir árið 2006 hjá 2 aðilum rúmar 400.000.- sem verða sent í innheimtu næstu daga.

2. Úr stjórn gengu Sigríður Hermannsdóttir og Þröstur Ottósson. Í þeirra stað voru kjörnir Hinrik Jónasson og Hans Einarsson.
3. Varamenn voru kjörnir Gylfi Guðnason og Smári Magnússon.
4. Endurskoðendur voru kjörnir Hreinn Bergsveinsson og Smári Magnússon.
5. Guðrún lagði fram til samþykktar framkvæmdargjöld fyrir árið 2007 og í ár var tillaga stjórnar að gjöldin yrðu kr. 14.000.- pr. lóð og árgjaldið kr. 1.000.- með 2 gjalddögum.

Til nánari útskýringa hvers vegna gjöldin eru hærrí í ár er ástæðan sú að nú liggur fyrir að reyna að ljúka girðingarmálinu og félagið þarf að leggja vonandi tímabundið út fyrir þeim kostnaði sem því fylgir. Því lagði stjórnin það til að hver og einn lóðareigandi (líka stjórnarmenn) greiddu kr. 5.000.- til að hafa upp í kostnað.

Í ár leggur stjórnin til að vegurinn verði hækkaður niður alla brekkuna enda tókst vel til með þá hækkun sem fékkst fyrir vegstyrkinn og því um að gera að halda áfram og laga víðar á svæðinu með það í huga að hægt sé að aka um svæðið allt árið.

Fyrri gjalddagurinn verður 1. apríl, kr. 10.000.- og sá seinni 1. júní, kr. 5.000.- og sú tillaga kom líka fram á fundinum að gefa fólki kost á að millifæra beint inn á reikning félagsins og mun gjaldkeri senda út tölvupóst með nánari leiðbeiningum. Þetta fyrirkomulag myndi spara mikla vinnu við að útbúa öll gögn fyrir bankann.

Þeim sem kjósa að greiða innheimtuseðilinn fá hann sendann frá bankanum.

Gjöldin voru samþykkt af fundarmönnum

6. Önnur mál  
Indíana Eybergsdóttir ritaði aðalfundarfundargerðina og las hana upp til samþykktar.

Fundi slitið kl 15:50

Munið nýju heimasíðuna: [www.kerhraun.is](http://www.kerhraun.is)

Allar ábendingar eru vel þegnar.

Sendið póst á: [gudrunm@simnet.is](mailto:gudrunm@simnet.is)

